



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 4. desember 2024

SFS24110002

MINNISBLAÐ

Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík 2024

Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík voru afhent í Hörpu á Degi íslenskrar tungu, 16. nóvember 2024. Var þetta í átjándra sinn sem verðlaunin voru afhent en þau eru á vegum skóla- og frístundráðs Reykjavíkurborgar í samstarfi við Reykjavík bókmenntaborg UNESCO. Íslenskuverðlaununum er ætlað að auka áhuga grunnskólanema í Reykjavík á íslenskri tungu og hvetja þá til framfara í tjáningu í töluðu og rituðu máli.

Að þessu sinni fengu 37 nemendur frá 20 grunnskólum verðlaun. Samtals hafa tæplega 1.140 nemendur eða nemendahópar verið tilnefndir til verðlaunanna frá upphafi. Allir grunnskólar í borginni geta tilnefnt nemendur eða nemendahópa, einn á hverju skólastigi. Meðal verðlaunahafa voru ungir, áhugasamir lestrarhestar, framúrskarandi upplestrarar, nemendur með annað móðurmál en íslensku sem náð hafa góðum tókum á íslensku á skömmum tíma, sagnahöfundar og ljóðskáld. Borgarstjóri ávarpaði samkomuna en Sabine Leskopf, varaformaður skóla- og frístundaráðs afhenti þau ásamt Mörtu Guðjónsdóttur, formanni nefndar um Íslenskuverðlaunin með aðstoð Ástu B. Björgvinsdóttur, fulltrúa í skóla- og frístundaráði.

Verndari verðlaunanna er frú Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands 1980-1996 og hefur hún oftast verið viðstödd afhendinguna. Vegna forfalla Vigdísar var flutt kveðja frá henni á myndbandi og falleg orðsending sem hún sendi með tölvupósti. Verðlaunin að þessu sinni voru viðurkenningarskjal með undirritun Vigdísar Finnbogadóttur og bókina Ljóðaúrval með ljóðum Jónasar Hallgrímssonar í samantekt Böðvars Guðmundssonar. Ungar og efnilegar söngkonur úr Fellaskóla, Louise Shayne Mangubat Canonoy og Zuzanna Siwek, sungu tvö lög með íslenskum textum við undirleik Hörpu Þorvaldsdóttur, verkefnisstjóra á skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Nefnd um verðlaunin er skipuð Mörtu Guðjónsdóttur fulltrúa í skóla- og frístundaráði sem er formaður, Kristínu Jóhannesdóttur fyrir hönd skólastjóra, Arndísi Steinþórsdóttur, Guðrúnu E. Bentsdóttur og Elínros Benediktsdóttur fyrir hönd fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Starfsmenn fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs sem aðstoðuðu við undirbúning og framkvæmd voru Alda Árnadóttir og Dagbjört J. Þorsteinsdóttir.



Reykjavík



Verðlaunahafar voru að þessu sinni:

Austurbæjarskóli

- Kári Harrison Kelleher
- Sólrún Eldjárn Daðadóttir
- Alanta Símonardóttir

Álftamýrarskóli

- Anna Margrét Alfreðsdóttir

Borgaskóli

- Ólafur Vilhelm Jónsson

Breiðholtsskóli

- Kolbrún Mjöll Þórdísardóttir

Dalskóli

- Shreeyam Sharma
- Snædís Unnur Sigurpálsdóttir

Engjaskóli

- Vaka Rut Atladóttir
- Iðunn Kristjánsdóttir

Fellaskóli

- Gabriellus Sedbaras
- Wiktoria Fedorów
- Erzen Veseli

Foldaskóli

- Matthildur Heba Petersen
- Ragnheiður Ósk Kjartansdóttir

Háteigsskóli

- Hlynur Rúnarsson
- Kristín Ósk Halldórsdóttir

Hólabrekkuskóli

- Zofia Knyzewska
- Yaroslav Solianyk

Ingunnarskóli

- Sara Bóel Gísladóttir





Klettaskóli

- Líney Margét Gunnarsdóttir

Landakotsskóli

- Margrét María Tómasdóttir
- Freyja Sigríður Björnsdóttir

Laugarnesskóli

- Tómas Friðgeirsson

Melaskóli

- Lamitta Alamatouri Nasr
- Hlib Pribylov

Rimaskóli

- Þóra Kristín Jónsdóttir
- Steinunn Harpa Eiðsdóttir
- Harpa Karitas Kjartansdóttir

Seljaskóli

- Erna Hafdís Steinarsdóttir
- Valfríður Helga Júlíusdóttir
- María Björk Blöndal Finnsdóttir

Tjarnarskóli

- Linda Otte

Víkurskóli

- Hrafnhildur Einarsdóttir

Ölduselsskóli

- Freydís Sóley Stefánsdóttir.
- Balqees Hamza Ali Khalifa
- Þórir Leó Kristjánsson

